

**Samstarfsnefnd  
Sambands íslenskra sveitarfélaga  
og  
Sjúkraliðafélags Íslands**

Fundur var haldinn í samstarfsnefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga og Sjúkraliðafélags Íslands þriðjudaginn 11. apríl 2023. Samskipti fóru fram í tölvupóstum.

**Mætt voru:**

Fulltrúi Sjúkraliðafélags Íslands: Sandra Bryndísardóttir Franks, Gunnar Örn Gunnarsson og Ágúst Ólafur Ágústsson. Fulltrúar Sambands íslenskra sveitarfélaga: Berglind Eva Ólafsdóttir, Helgi Aðalsteinsson, Ellisif Tinna Víðisdóttir og Inga Rún Ólafsdóttir, sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

Eftirfarandi mál var tekið fyrir:

**1. Samkomulag um breytingar og framlengingu á fylgiskjali 3 í kjarasamningi aðila 2019 til 2023**

Vaktavinnuhópur 2023 sammælist um að leggja til við samningsaðila að gera eftirfarandi breytingar á greinum 1.6.1., 1.6.2. og 2.6.10. í fylgiskjali 2 (fylgiskjali 3 hjá sveitarfélögum). Breytingin gildir frá 1. apríl 2023 og til og með 30. september 2023.

**VAKTAÁLAG**

Vaktaálagi verði breytt þannig að á þeim tímum sem er greitt 90% álag verði greitt 120% álag og á þeim tímum sem er greitt 120% álag verði greitt 165% álag. Greinar 1.6.1. og 1.6.2. verði:

**1.6 ÁLAGSGREIÐSLUR - VAKTAÁLAG**

|         |   |
|---------|---|
| 1.6.1   | Vaktaálag reiknast af dagvinnukaupi sbr. gr. 1.4.1. Vaktaálag skal vera:  |
| 33,33%  | kl. 17:00 - 24:00 mánudaga til fimmtudaga   |
| 55,00%  | kl. 17:00 - 24:00 föstudaga   |
| 65,00%  | kl. 00:00 - 08:00 þriðjudaga til föstudaga  |
| 55,00%  | kl. 08:00 - 24:00 laugardaga, sunnudaga og sérstaka frídaga   |
| 75,00%  | kl. 00:00 - 08:00 laugardaga, sunnudaga, mánudaga og sérstaka frídaga   |
| 120,00% | kl. 00:00 - 24:00 stórhátíðardaga sbr. gr. 2.1.4.3, þó þannig að frá kl. 16:00 - 24:00 á aðfangadag og gamlársdag og kl. 00:00 – 08:00 á jóladag og nýársdag er 165,00% álag. |

Brot úr klst. greiðist hlutfallslega.

1.6.2 Greiðsla fyrir bakvaktir skal reiknast af dagvinnukaupi sbr. gr. 1.4.1 með eftirtöldum hætti:

- 33,33% kl. 17:00 - 24:00 mánudaga til fimmtudaga
- 45,00% kl. 17:00 - 24:00 föstudaga
- 45,00% kl. 00:00 - 08:00 mánudaga
- 33,33% kl. 00:00 - 08:00 þriðjudaga til föstudaga
- 45,00% kl. 00:00 - 24:00 laugard., sunnud. og sérstaka frídaga
- 120,00% kl. 00:00 - 24:00 stórhátíðardaga sbr. gr. 2.1.4.3, þó þannig að frá kl. 16:00 - 24:00 á aðfangadag og gamlársgang og kl. 00:00 – 08:00 á jóladag og nýársdag er 165,00% álag.

Brot úr klst. greiðist hlutfallslega. Um greiðslur fyrir útköll á bakvakt gilda gr. 2.3.3.1 og 2.3.3.2.

## VAKTAHVATI

Vaktahvata verði breytt til að tryggja jafnari vaktahvata til handa þeim hópi sem er með mestan fjölda og fjölbreytileika vakta á hverju launatímabili. Taflan í grein 2.6.10 verði:

### 2.6.10 Vaktahvati

Hlutfall vaktahvata miðist við eftirfarandi töflu:

| Fjöldi vakta | Tegundir vakta |       |       |       |
|--------------|----------------|-------|-------|-------|
|              | 1              | 2     | 3     | 4     |
| 19           |                | 10,0% | 12,5% | 12,5% |
| 18           |                | 7,5%  | 10,0% | 12,5% |
| 17           |                | 7,5%  | 10,0% | 12,5% |
| 16           |                | 2,5%  | 7,5%  | 12,5% |
| 15           |                | 2,5%  | 2,5%  | 10,0% |
| 14           |                |       | 2,5%  | 7,5%  |

Fleira ekki gert og fundi slitið.